
1.fundur framkvæmdastjórnar Svæðisgarðsins Snæfellsness
haldinn að Borgarbraut 16, Grundarfirði
föstudaginn 25. júlí 2014 kl. 12.15.

Fundurinn er haldinn í beinu framhaldi af fundi eigendaráðs Svæðisgarðsins Snæfellsness. Á þeim fundi voru 3 fulltrúar sveitarfélaganna fimm skipaðir í framkvæmdastjórn. Í framkvæmdastjórn sitja, auk þeirra, 3 fulltrúar sameiginlega frá öðrum eigendum, í samræmi við stofnsáttmála og stjórnunaráætlun Svæðisgarðsins.

Mætt eru eftirtalin:

Eypór Garðarsson, forseti bæjarstjórnar í Grundarfjarðarbæ
Hallur Pálsson, fulltrúi búnaðarfélaganna
Kristín Björg Árnadóttir, forseti bæjarstjórnar í Snæfellsbæ
Sturla Böðvarsson, bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar
Þorkell Símonarson, úr stjórn Ferðamálasamtaka Snæfellsness

Forföll boðaðið Örvar Már Marteinsson, úr stjórn Snæfells

Auk þeirra Björg Ágústsdóttir frá Alta.

Gestur á fundinum var Silja Jóhannesdóttir, ráðgjafi hjá Capacent sem var í símasambandi við fundinn undir lið 2.

1. Kjör formanns framkvæmdastjórnar

Í 6. gr. stofnsáttmála Svæðisgarðsins segir að framkvæmdastjórn skipti með sér verkum án tillits til þess hvaða fulltrúa eigenda er um að ræða.

Gerð var tillaga um að Kristín Björg Árnadóttir yrði formaður framkvæmdastjórnar. Var það samþykkt.

2. Ráðning framkvæmdastjóra

Fram hefur komið að 24 umsóknir bárust um starf framkvæmdastjóra Svæðisgarðsins. Björg hefur ásamt Capacent aðstoðað framkvæmdastjórn við undirbúning. Capacent hefur farið í gegnum umsóknirnar og lagt til að framkvæmdastjórn velji úr 4-5 umsóknum þá umsækjendur sem hún vilji boða í starfsviðtöl. Capacent mun aðstoða framkvæmdastjórn við viðtölin og undirbúning þeirra.

Hringt var í Silju og farið yfir umsóknirnar með henni. Hún hafði útbúið aðgang að sérstöku svæði á netinu, þar sem fulltrúar í framkvæmdastjórn geta skoðað allar umsóknir og fylgigögn þeirra.

Framkvæmdastjórn ákvað að funda nánar um málið nk. mánudag 28. júlí og verður þá í sambandi við Silju.

3. Hlutverk og fjárhagur

Á stofnfundi þann 4. apríl sl. veitti eigendaráð framkvæmdastjórn umboð til að „taka til starfa, vinna á grundvelli stjórnunaráætlunar og taka nauðsynleg skref á næstu vikum“, m.a. auglýsa starf framkvæmdastjóra. Rætt var um hlutverk framkvæmdastjórnar.

Fjárhagsáætlun frá janúar 2014, sem samþykkt var í apríl sl. af samstarfsaðilum, gerði ráð fyrir launum framkvæmdastjóra í ca. 8-9 mánuði á árinu. Ljóst er að ekki verður framkvæmdastjóri á launum í svo langan tíma á árinu 2014. Rætt var lauslega um þau kjör sem í boði eru fyrir framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjórn mun yfirfara fjárhagsáætlun, þegar mál skýrast með ráðningu framkvæmdastjóra og samningar við hann liggja fyrir.

4. Önnur mál

Næsti fundur ákveðinn 28. júlí nk. til að undirbúa viðtöl við umsækjendur.

Fleira ekki gert og fundi slitið.
Björg Ágústsdóttir ritaði fundargerð.